

Mál nr. 285/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Bifreið ekið á handfang á jarðvegsþjöppu.****Gögn.**

Málskot móttakið 19.7.2021, ásamt myndbandi.
Bréf V dags. 11.8.2021.

Málsatvik.

Bifreið M var ekið vestur Mosagötu að Brekkugötu í Urriðaholti, í gegn um vinnusvæði á vegum X. Af myndbandi sem fylgdi málskoti M má sjá þegar bifreiðinni var ekið í gegn um vinnusvæðið. Á vinstri helmingi götunnar var grafa að störfum auk vöruflutningabifreiðar. Hægra megin við akbrautina var jarðvegsþjappan sem stóð utan akbrautarinnar en handfangið á henni skagaði þó nokkuð inn á akbrautina. Þegar bifreiðinni var ekið fram hjá vörubifreiðinni skall handfang jarðvegsþjöppunnar á hægri hlið bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að tjón varð á bifreiðinni.

Hefur M gert kröfu um að tjónið á bifreiðinni verði bætt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Byggir M kröfuna meðal annars á því tjónið verði rakið til vanrækslu X. Þannig hafi enginn starfsmaður á vegum X hafi leiðbeint öikumönnum í gegn um vinnusvæðið og merkingar hafi vantað. Þá telur M að gatan hafi verið þröng vegna vinnu þeirra og erfitt hafi verið að sjá handfang jarðvegsþjöppunnar sem skagaði inn á akbrautina. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeirri forsendu að tjónið verði einungis rakið til eigin aðgæsluleysis M. Telur V að M hafi ekki getað dulist að um væri að ræða vinnusvæði, þar sem aðstæður hafi verið góðar og skyggni gott. Jarðvegsþjappan hafi enn fremur auðsjáanleg.

Álit.

Myndband af atvikinu ber með sér að verktakinn X var við framkvæmdir við Mosagötu og að starfsemi þeirra þrengdi nokkuð að umferð um götuna. Enn fremur má sjá að gengið hefur verið frá jarðvegsþjöppunni með þeim hætti að handfang hennar skagaði nokkuð eitt inn á akbrautina. Engar merkingar voru á staðnum sem vöruðu við því að handfangið næði inn á akbrautina. Þá ber myndbandið með sér að einfalt hefði verið að ganga frá þjöppunni með öruggari hætti þannig að umferð stæði ekki hættu af henni. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að tjónið verði að nokkru leyti rakið til þess að frágangur og merkingar X á vinnusvæðinu var ófullnægjandi. Hins vegar verður ekki litið fram hjá því að aðstæður voru að öðru leyti góðar og öikumanni bifreiðarinnar mátti vera ljóst að um vinnusvæði væri að ræða, þar sem gæta þurfti sérstakrar varúðar. Er það því niðurstaða nefndarinnar að tjónið verði jafnframt rakið til aðgæsluleysis öikumannsins. Að teknu tilliti til alls ber X ábyrgð á helming tjónsins en M ber helming tjónsins sjálf vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt bótum fyrir helming tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.